

Concerto Grosso var algengt konsertform á barokktímanum. Formið er byggt á tveimur misstórum hljóðfærahópum, hópi einleikara annars vegar og hljómsveit hins vegar, þar sem einleikurum er tefti á móti hljómsveitinni. Andstæðan í styrkleikanum birtist í raddsetningunni. Hjá Corelli samanstóð minni hópurinn af tveimur fiðlum og sellói.

Eins og Haydn er talinn faðir klassísku sinfóníunnar, er Corelli faðir formsins Concerto Grosso. Handel, Vivaldi og Bach þróuðu sína konserta út frá Concerto Grosso forminu og án þess hefðu þeir líklega ekki náð að þróa konserta sína jafn langt.

Mikil eftirspurn var eftir tónlist Corellis á þessum tíma um alla Evrópu. Concerti Grossi ópus 6 voru síðasta meistaraverk Corellis. Hann vann lengi að verkinu og neitaði að gefa það út á meðan hann lifði. Konsertarnir voru gefnir út 1714, árið eftir að hann dó. Voru þeir fyrirmund samnefnds verks sem Handel gaf út árið 1739.

Corelli var mjög vinsæll fiðluleikari og náði hylli margra efnamanna á Ítalíu. Hann ferðaðist víða um Evrópu og varð álíka vinsæll og Paganini á 19. öldinni. Hinn fagri syngjandi tónn sem Corelli náði að laða fram er talinn vera ástæða vinsælda hans frekar en snjall fiðluleikur. Hann var ekki mikið fyrir að sýna fiðlufimi sína og neitaði að spila mikið hærra en í þriðju stillingu.

Hann var einnig eftirsóttur fiðlukennari og lærdu bæði Vivaldi og Handel hjá honum.

Corelli fæddist árið 1653 í litlum bæ, Fusignano, á norður Ítalíu þar sem hann hóf fiðlunám. Seinna lá leið hans til Bologna, vöggu tónlistarinna, áður en hann kom sér fyrir í Róm árið 1670. Hann lést árið 1713.

The Concerto Grosso form is built on two different sized instrumental groups, which provide inbuild dynamic contrast. In Corelli's Concerti, the smaller group consists of two violins and a cello.

As Haydn was the father of the Classical Symphony so was Corelli the father of the Baroque Concerto Grosso. Without him, Handel, Vivaldi and Bach would not probably have developed their own concertos to such heights. All of Corelli's music was in great demand all over Europe. The Op.6 Concerti Grossi was Corelli's final masterpiece. He worked on them over a long period and refused to allow them to be published during his lifetime. They were published posthumously in 1714 and were the model for the later publication in London, in 1739, of Handel's own twelve Concerti Grossi.

Corelli was a very popular violinist and he secured patronage of many influential aristocrats as well as the exiled Queen Christina of Sweden. He toured extensively in Europe and was as popular as Paganini was in the 19th century. Corelli's beautiful singing tone quality was said to be the secret to his success rather than flashy virtuosic playing. He's said to have refused to play much above 3rd position!

Corelli was also a much sought after violin teacher. Both Vivaldi and Handel studied with him. Arcangelo Corelli was born in 1653 in small town Fusignano in North of Italy where he started his musical education. He furthered his studies in Bologna, a distinguished musical center and then established himself in Rome in the 1670s. He died in 1713.

Næstu tónleikar / Future Concerts

Þriðjudaginn 29. apríl kl. 20:00, 2014. Vivaldi L'estro armonico óp. 3 nr. 7-12

Þriðjudaginn 27. maí kl. 20:00, 2014. Corelli Concerto grossi óp. 6 nr. 1-6

Gildir fyrir two

Arcangelo Corelli

Concerti Grossi
óp. 6 nr. 7 - 12

Strengjasveitin

Spiccato
Strings

Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

+
Hávarður Tryggvason

Ágústa María Jónsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
María Weiss
Martin Frewer
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Neskirkja við Hagatorg í Reykjavík
Sunnudagskvöld 5. janúar 2014 kl. 20:00

Arcangelo Corelli

Concerti Grossi

ópus 6

Concerto Grosso nr. 7 í D dúr

Vivace - Allegro - Adagio
Allegro
Adante Largo
Allegro
Vivace

Hlíf Sigurjónsdóttir, Ágústa María Jónsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir

Concerto Grosso nr. 10 í C dúr

Preludio: Andante Largo
Allemanda: Allegro
Adagio
Corrente: Vivace
Allegro
Minuetto: Vivace

Gunnhildur Daðadóttir, Hlíf Sigurjónsdóttir, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Concerto Grosso nr. 8 í g moll „Jólakonsertinn“

Vivace - Grave
Allegro
Adagio - Allegro - Adagio
Vivace
Allegro
Pastorale: Largo

Gunnhildur Daðadóttir, Martin Frewer, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Concerto Grosso nr. 11 í B dúr

Preludio: Andante Largo
Allemanda: Allegro
Adagio
Andante Largo
Sarabanda: Largo
Giga: Vivace

Ágústa María Jónsdóttir, Gunnhildur Daðadóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir

Concerto Grosso nr. 9 í F dúr

Preludio: Largo
Allemanda: Allegro
Corrente: Vivace
Gavotta: Allegro
Adagio
Minuetto: Vivace

Martin Frewer, Ágústa María Jónsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir

Concerto Grosso nr. 12 í F dúr

Preludio: Andante
Allegro
Adagio
Sarabanda: Vivace
Giga: Allegro

Hlíf Sigurjónsdóttir, Martin Frewer, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir